

Ed.

210. Tillaga til þingsályktunar

[129. mál]

um fiskisölusamstarf við Belgíumenn.

Flm.: Oddur Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni eða þeim aðilum, er hún til þess kveður, að leita eftir samstarfi við Belgíumenn um neðangreind atriði:

- 1) um bættu löndunar- og geymsluaðstöðu á íslenskum fiski í Ostende,
- 2) um myndun fyrirtækis, er hafi það verkefni að dreifa og selja ferskan og frystan íslenskan fisk í hinum ýmsu Mið-Evrópulöndum,
- 3) um möguleika á flugflutningi á fiski milli Keflavíkur og Ostende með dreifingu þaðan um Mið-Evrópu í huga,
- 4) um hugsanlega lækkun sölu- og löndunarkostnaðar vegna aukinna umsvifa.

Greinargerð.

Þrjár veigamiklar ástæður liggja til þess að okkur er nú nauðsynlegra en áður að leita aukinna markaðsmöguleika fyrir fiskafurðir okkar.

Í fyrsta lagi þá ríkir nú sölutregða og verðlagserfiðleikar á tveimur stærstu mörkuðum okkar fyrir frystar fiskafurðir, þ. e. í Bandaríkjunum og Sovétríkjunum.

Í öðru lagi hlýtur hin mikla aukning sem orðið hefur á togveiðiflota okkar nú síðustu árin, flota sem eingöngu er ætlaður til holfiskveiða, að leiða til verulega aukins aflamagns á næstu árum.

Þessu auka aflamagni verður að tryggja örugga og dreifða markaði, svo að skyndilegt erfiðleikaástand á einum markaði valdi okkur ekki allt of miklum bú-sifjum.

Í þriðja lagi eiga þau ríki, er með útfærslu landhelgi okkar í 200 milur hverfa af Íslandsmiðum, nokkurn síðferðilegan rétt á því að fá aðstöðu til þess að kaupa af okkur þessa nauðsynlegu fæðutegund.

Í hinum háþrúðu Mið-Evrópuríkjum með nær 200 milljónir íbúa er mikill litt nýttur markaður fyrir fiskafurðir okkar. Á það bæði við um ferskan fisk og frystan.

Til þess að geta hagnýtt þennan markað er nauðsynlegt að hafa löndunarhöfn, sem tekur tillit til þarfa okkar fiskiskipa og veitir þeim skjóta, örugga og ódýra fyrirgreiðslu. Æskilegt er að þessi höfn sé miðsvæðis gagnvart mörkuðum og að þessu leyti virðist Ostende mjög hagkvæm. Þaðan er stutt til Parísar, Haag og Bonn og auðvelt að flytja þaðan ferskan fisk um alla Mið-Evrópu. Til þess þarf þó góða geymsluaðstöðu í Ostende og kæli- og frystivagna til flutninga. Líklegt er að Belgíumenn hefðu hug á samvinnu í þessum efnum einmitt nú, þegar efnahags- og atvinnu-ástand er erfitt á meginlandi Evrópu.

Flutningur á ferskum fiski til Mið-Evrópu hefur verið reyndur nokkrum sinnum. Framhald hefur þó ekki orðið á þeim flutningum, fyrst og fremst af tveim ástæðum: Í fyrsta lagi vegna öryggisleysis um hráefnisöflun hér og í öðru lagi vegna fjármagnsskorts aðila. Samvinna sendanda og móttakanda ásamt góðri skipulagningu í báðum löndunum ætti að geta tryggt grundvöll slíkra flutninga.